

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 5. ágúst 2021
2107035 RH

Efni: Umsögn um grænbók um fjarskipti

Við er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um drög að grænbók um fjarskipti. Fulltrúar sveitarfélagsins Vesturbyggð sátu samráðsfund um stöðu fjarskipta þann 14. apríl sl. og ber að fagna því mikla og góða samráði sem hefur verið um vinnslu grænbókarinnar.

Eftirfarandi er umsögn Vesturbyggðar um grænbók um fjarskipti.

3.2.2 Háhraðanet

Í kaflanum kemur fram að flest heimili og fyrirtæki í landinu séu þegar tengd með ljósleiðara eða eigi kost á að tengjast með lítilli fyrirhöfn, en þó séu um 13.000 staðarföng sem vantar tengingu. Á þetta m.a. við um flesta þéttbýliskjarna á Vestfjörðum, þar sem gagnaveitur hafa ekki séð hag sinn í að fara í slík verkefni og mikilvægt að áhersla verði á að tryggja viðunandi háhraðanet á þessum svæðum. Flýta þarf því að tengja þéttbýli á landsbyggðinni, sérstaklega ef litið er til markmiða stjórnvalda í byggðaaáætlun um jafna búsetu og áherslu á störf án staðsetninga, en einnig vegna þeirra miklu tækniþróunar sem hefur verið og er framundan í fjölbreyttri atvinnustarfsemi sem fer fram í þéttbýliskjörnum, m.a í Vesturbyggð þarf að

3.2.3 Háhraðafarnet


Í kaflanum kemur fram að uppbygging 5G háhraðafarnets sé fyrirhuguð út á landi og á stærri sumarhúsasvæðum sumarið 2021. Æskilegt er að flýta slíkri uppbyggingu háhraðafarnets á landsbyggðinni, þá sérstaklega þar sem lagningu ljósleiðara er ólokið og jafnvel landsvæði erfið yfirferðar fyrir lagningu ljósleiðara.

3.2.4 Ljósleiðarastofnnet og sæstrengir

Eins og lýst er í kaflanum þá er ljósleiðarastofnstrengur sem lagður til Vestfjarða kominn til ára sinna, en 30 ár eru síðan hann var lagður. Aukin atvinnuuppbygging og jákvæð íbúðarþróun treystir á að þetta stofnnet sé nægjanlega öflugt og hafi næga flutningsgetu til að viðhalda jákvæðri byggðarþróun og stutt áframhaldandi tækniþróun. Mikilvægt er því að endurnýjun þessa 30 ára gamla strengs verði flýtt eins og kostur er.

3.6 Mat á árangri gildandi stefnu

Vesturbyggð tekur undir að bæta þurfi farnetssamband á vegum með tilliti til öryggissjónarmiða vegfarenda. Mörg svæði á Vestfjörðum hafa lélegt farnetssamband og



hefur það oft skapað aukna hættu m.a. ef slys verða. Þá skiptir máli hjá hvaða símafyrirtæki þú hefur þín viðskipti og það er eitthvað sem þarf að greina og lagfæra í þeirri umgjörð sem gildir um farsímakerfið í heild sinni. Þá hefur aukist verulega umferð ferðamanna m.a. í Vesturbyggð og á vegum sem ekki eru sérstaklega kortlagðir af hálfu fjarskiptastofnunar í gegnum vegamælingar á GSM, 3G og 4G sambandi. Það er mikið áhyggjuefni m.a. út frá öryggi vegfarenda þar sem á þeim leiðum er farsímasamband lítið sem ekkert. Má þar nefna sem dæmi í Vesturbyggð, Rauðasandsveg sem liggur frá Örlygshafnarvegi og að Rauðasandi sem og um Ketildalsveg um Arnarfjörð og að Selárdal. Þá eru mörg svæði á vegkaflanum að Látrabjargi miðlungs eða slæmt, en um þá leið fara um 20.000 ferðamenn á ári hverju. Þá þarf að leggja áherslu á að bæta farnetssamband á Dynjandisheiði þar sem nú fara fram vegabætur sem og á Bíldudalsvegi í Arnarfirði. Það er mikið öryggismál fyrir vegfarendur að fullnægjandi farnetssamband sé á þessum vegköflum eins og síðasti vetur sýndi, þar sem margir vegfarendur lentu í vandræðum á Dynjandisheiði og mikilvægt að unnt sé að ná í viðbragðsaðila.

Vesturbyggð tekur einnig undir að þörf sé á auknu varaflí þegar kemur að fjarskiptum. Í Vesturbyggð er aðeins varaafstöð við tengipunkt Neyðarlínunnar á Urðahjalla á Látrabjargi og á Langanesi í Arnarfirði. Annarsaðar eru rafgeymasett m.a. fyrir gsm. samband og er uppitími þess aðeins um 2 klst. Mikilvæg tenging er í Krossholtum á Barðaströnd og þar er aðeins rafgeymasett en ekki varaafli. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort nýr tengipunktur í Hagavaðli muni vera með varaafli eða aðeins rafgeymasetti. Má velja því upp hvort krafa ætti að vera um varaflsstöðvar við alla tengipunkta neyðarlínunnar. Þá eru ekki allir í dreifbýli í Vesturbyggð sem ná gsm sambandi eða hafa ljósleiðaratengingu og þurfa því að treysta á koparlínur fyrir símasamband í lengri tíma. Það er því mikilvægt að það kerfi verði ekki lagt niður fyrr en í fyrsta lagi að gsm samband sé tryggt og uppitími ljósleiðara sé tryggður komi til rafmagnsleysis í lengri tíma. Þá þarf að tryggja aðgengi að eldsneyti m.a. ef langvarandi ástand skapast þar sem allar bensíndælur innan sveitarfélagsins eru háðar rafmagni og netsambandi.

Að lokum tekur Vesturbyggð undir að þörf er á auknu fjármagni til að ljúka við ljóleiðaravæðingu. Enn eru stór verkefni í vinnslu hjá Vesturbyggð í samstarfi við Orkubú Vestfjarða samhliða þrífösun rafmagns í dreifbýli en ljóst er að mörg þau landsvæði sem eftir eru, eru erfið yfirferðar og ekki ólíklegt að þeir styrkir sem þegar hafa fengist muni ekki duga til að ljúka þeim verkefnum að öllu leyti.

3.7 Kynja- og jafnréttissjónarmið

Vesturbyggð tekur undir að góðar fjarskiptatengingar styrki stöðu kvenna og góðar samgöngur auka enn frekar að fjölskyldufólk vilji festa rætur á viðkomandi svæði. Gott dæmi um þessa stöðu má m.a. sjá af íbúatölum og kynjaskiptingu innan sunnanverðra Vestfjarða þar sem sækja þarf atvinnu og þjónustu yfir 1 -2 fjallvegi allt árið um kring og bæta þarf farnetssamband. Í drögum að viðauka við innviðagreiningu Vesturbyggðar sem Efla vinnu nú að kemur fram að í samanburði við landið allt, þá hefur hlutfall einstaklinga í Vesturbyggð vaxið hratt og í dag eru hlutfallslega fleiri íbúar sem halda einir heimili af heildarfjölda kjarnafjölskyldu í byrjun árs 2020 eða um 3 prósentustig og þá voru 2 prósentustigum færri einstæðar mæður en að meðaltali yfir landið allt. Í dag er skipting íbúa í Vesturbyggð þannig að karlar er 57% en konur er 43% og hefur konum heldur fækkað. Mikilvægt er því út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum að aukin áhersla verði á að tryggja uppbyggingu fjarskiptatenginga, sérstaklega á landsvæðum þar sem þegar hallar á konur.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

5. Hver er þín skoðun?

Vesturbyggð telur að stöðumatið endurspegli ágætlega almennt mat sveitarfélagsins á stöðu fjarskipta. Lagfæra og skýra mætti þó ákveðin atriði sem lýst hefur verið hér að framan og taka tillit til ólíkrar stöðu ákveðinna landsvæða.

Vesturbyggð telur að stöðumatið og lykilviðfangsefnin endurspeglu helstu álitamál framtíðarinnar.

Að mati Vesturbyggðar þarf að leggja höfuðáherslu á öryggishlutverk fjarskipta, sérstaklega þegar kemur að landsbyggðinni, bæði er varðar varaafli og endurnýjun og viðhald þeirra kerfa sem þegar hafa verið sett upp. Þá ætti að leggja áherslu á byggðasjónarmið tengd fjarskiptum, atvinnulíf og búsetugæði, þar sem horft væri til heilsársbúsetu íbúa hringinn í kringum landið, m.a. sem hluti af því að styðja við áherslu stjórnvalda um jafna búsetu og um störf án staðsetninga.

Undirrituð veitir allar frekari upplýsinga vegna umsagnar þessarar, sé þess óskað.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

